

Sþ. 496. Tillaga til þingsályktunar

um ábyrgð á láni fyrir Slysavarnafélag Íslands.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs, vegna Slysavarnafélags Íslands, innanlandslán allt að kr. 400000.00 — fjögur hundruð þúsund krónur — til endurbóta á björgunarskipinu Sæbjörg, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt samkv. beiðni ríkisstjórnarinnar og fylgdu henni eftirfarandi skýringar:

Björgunarskipið Sæbjörg hefur unnið á hverri vertíð að björgunar- og gæzlu-störfum í Faxaflóa undanfarin 8 ár, en á öðrum tímum árs annars staðar við strendur landsins og oftast nær í þjónustu ríkisins. Árangurinn af þessu starfi er sem hér segir:

1938	Liðsinnt	10 skipum með	70 manna áhöfn.
1939	—	39 — —	241 — —
1940	—	39 — —	234 — —
1941	—	21 — —	119 — —
1942	—	20 — —	100 — —
1943	—	19 — —	98 — —
1944	—	37 — —	185 — —
1945	—	39 — —	210 — —

Samtals 224 skip með 1257 manna áhöfn.

Nú hefur komið í ljós á s. l. sumri, að skipið þurfti mikillar og kostnaðarsamrar viðgerðar, og tók stjórn Slysavarnafélags Íslands þá það ráð að ákveða að gera skipið mun fullkomnara björgunarskip. Um þetta segir svo í bréfi Slysavarnafélags Íslands til ríkisstjórnarinnar:

„Eins og kunnugt er, þá hefur björgunarskútan „Sæbjörg“ reynzt íslenska fiski-flotanum hreinasta hjálparhella, síðan þetta skip hóf starfsemi sína, og sá óbeini bagnaður verður vart metinn að verðleikum, sem íslensk mótorbátaútgærd og þjóðin öll hefur borið úr býtum vegna hjálparstarfsemi þessa litla skips, er ávallt hefur verið boðið og búið til að fara út í hvaða veður sem er, þegar á það hefur verið kallað.

En þrátt fyrir hið mikla gagn, sem orðið hefur af starfsemi skipsins, hefur reynsla sýnt og sannað, að skipið er nú of lítið og vélvana til að draga stærri báta að landi í stormi og stórsjó.

Þess vegna er það, sem stjórn Slysavarnafélags Íslands hefur nú hafizt handa til að fá þær endurbætur á „Sæbjörgu“, er hún telur bráðnauðsynlegar, til þess að hún fullnægi þeim kröfum, sem gera verður til skipsins sem góðs björgunar-skips. Það hefur því verið ákveðið að gera skipið að kröftugum björgunarvélbát. Setja í skipið nýja 325 ha. Atlas Imperial Diesel dráttarvél og lengja það um 4,5 metra í miðju. Vegna þess hvað skipið var byggt breitt og djúpt í upphafi, er hægt að gera þetta án þess að rýra sjóhæfni skipsins hvað snertir lengdar- og breiddar-hlutföll. Um leið verður skipinu gerbreytt að ytra útliti. Settur verður á það hval-bekur. Ný þilfarsreisin sett á það, ásamt stjórnþalli og ýmislegt annað endurbætt og fullkomnað eins og það getur bezt farið. . . .“

Kostnaður við þessar breytingar er áætlaður kr. 400000.00 — fjögur hundruð þúsund krónur —, og varð að samkomulagi við ríkisstjórnina, að ríkið ábyrgðist lán til þessara framkvæmda, gegn veði í skipinu og leigusamningi til 15 ára, þannig að leigan sé ákveðin lánsupphæðin ásamt vöxtum, er greiðist með jöfnum afborg-unum árlega. Sæbjörg stundi landhelgisgæzlu og björgun í Faxaflóa frá nóvem-berbyrjun til 14. maí ár hvert, en aðra tíma árs eftir því, sem ríkisstjórnin ákveður.

Með flutningi þingsályktunartillögu þessarar er leitað staðfestingar Alþingis á þessu samkomulagi við Slysavarnafélag Íslands.